

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

377. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 16.08.2017, kl.12:00.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Bjarni Torfi Álfþórsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir boðuðu forföll. Gestur fundarins undir lið 1 var Þorgils Óttar Mathiesen frá KPMG.

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör – 6 mánaða

Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuð ársins lagður fram og kynntur. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar. Staða á rekstri endurvinnslustöðva og grenndargáma er á áætlun. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.

2. Tillögur arkitekta um útlit gas- og jarðgerðarstöðvar

Lagðar fram og kynntar tillögur frá þremur arkitektastofum um útlit gas- og jarðgerðarstöðvar. Jafnframt lagt fram minnisblað Mannvit dagsett 21.07.2017 þar sem gerður er samanburður á tillögunum út frá stofn- og rekstrarkostnaði. Málið rætt. Stjórn samþykkir tillögu C.

3. Bréf Íslenska gámafélagsins ehf. vegna ummæla starfsmanns SORPU bs.

Lagt fram bréf Íslenska gámafélagsins ehf. dagsett 17.07.2017 þar sem gerð er athugasemd við ummæli starfsmanns SORPU á fésbókarsíðu íbúa Árborgar. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfinu.

4. Minnisblað um árangur af plastsöfnunarverkefni í Kópavogi

Lögð fram samantekt frá deildarstjóra gatnadeildar Kópavogs um árangur af plastsöfnunarverkefni Kópavogs fyrstu 7 mánuði verkefnisins. Málið rætt.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 6. september.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 13:30

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Halldór Auðar Svansson
Guðrún E. Jóhannesdóttir
Sturla Þorsteinsson
Kontubjartsdóttir
Björn H. Halldórsson
Bjarni Torfi Álfþórsson